



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stafrænn málheimur íslenskra barna



Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir
Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands



Eru ensk áhrif á íslensku að aukast?

„Ég kann þetta ekkert á íslensku“

• SKOÐUN | 07:00 | 14. APRÍL 2015



Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur

LINDA BJÖRK MARKÚSARDÓTTIR SKRIFAR

Starf mitt sem talmeinafræðingur felst, meðal annars, í því að meta orðaforða og málkunnáttu barna og unglunga. Undanfarið hefur það hefur færst í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku.“

Sé þeim boðið að nefna hlutinn á ensku lætur svarið ekki á sér standa. Hvernig má þetta vera? Hvernig geta börn og unglingar sem eiga íslenska foreldra, eru fædd og uppalin hér og hafa alla tíð gengið í íslenska skóla ekki búið yfir íslenskum grunnorðaforða? Sé ekki um eiginlega málproskaröskun að ræða er svarið við þessum spurningum einfalt: Tölvur og tækni. Nú fylgir tæknin móðurmjólkinni og börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku.

Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku

og til hvers að brúka móðurmál skitinna 320.000 hræða þegar enskan opnar dyr allra samskipta upp á gátt?

Innlent | Morgunblaðið | 21.3.2017 | 5:30 | Uppfært 5:57

Börnin tala saman á ensku í skólanum



Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir að sífellt beri meira á því að samskipti nemenda fari fram á ensku en ekki íslensku. mbl.is/Eggert-Johannesson

Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir marga nemendur byrjaða að nota ensku til samskipta í skólanum. Eigi þetta við bæði um unglunga og yngri nemendur.

Kennarinn telur ekki öruggt að íslenskan lifi af þær ógnir sem hún stendur frammi fyrir um þessar mundir, að því er fram kemur í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag.

Segir kennarinn að farið hafi að bera á þessu fyrir tveimur til þremur árum. Hann telur netvæðinguna skýra þessa þróun. Ungmenninn verji miklum tíma á netinu.



Breytingar á málumhverfi undanfarin 10 ár

- Samfélagsbreytingar:
 - ferðamannastraumurinn
 - fjölgun fólks með annað móðurmál
 - aukið háskólastarf á ensku
 - alþjóðavæðingin
- Tæknibreytingar:
 - snjalltækjabyltingin
 - YouTube- og Netflix-væðingin
 - gagnvirkir tölvuleikir
 - talstýring tækja



Verkefnið

- *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*
 - *Modeling the linguistic consequences of digital language contact, [MoLiCoDiLaCo](#)*
- Þriggja ára öndvegisstyrkur Rannsóknasjóðs
 - 1. júlí 2016 – 30. júní 2019, 117,5 milljónir króna
- Verkefnisstjórar:
 - Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson
 - prófessorar í íslensku við Háskóla Íslands



Aðstandendur auk verkefnisstjóra

- Rannsóknarhópur:
 - Anton Karl Ingason, HÍ
 - Ari Páll Kristinsson, SÁM
 - Ásgrímur Angantýsson, HÍ
 - Birna Arnbjörnsdóttir, HÍ
 - Einar Freyr Sigurðsson, SÁM
 - Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, HÍ
- Doktorsnemar:
 - Ásrún Jóhannsdóttir
 - Iris Edda Nowenstein
 - Þorbjörg Þorvaldsdóttir
- Samstarfsaðilar erlendis:
 - Charles Yang
 - University of Pennsylvania
 - Elín Þöll Þórðardóttir
 - McGill University
 - Joel Wallenberg
 - Newcastle University
 - Laurel MacKenzie
 - New York University
 - Noel P. Ó Murchadha
 - Trinity College Dublin
- Meistara- og BA-nemar
 - við efnissöfnun og úrvinnslu



Rannsóknaraðferðir

- 5.000 manna netkönnun (Félagsvísindastofnun)
 - 11 aldurshópar, frá þriggja ára og upp úr (til 98 ára)
 - „fullorðinskönnun“ og 4 mismunandi gerðir fyrir börn
- 400 manna ítarkönnun – djúpviðtöl og próf
 - sömu aldurshópar, sérvalið úrtak úr stærri hópnum
 - 2x2 klst. viðtöl við fullorðna, 3x1 klst. við börn
- 30.000+ manna netkönnun
 - gerð með hjálp samfélagsmiðla
- Rýnihópar og viðtöl við kennara og nemendur



Helstu atriði sem könnuð eru

- Bakgrunnsupplýsingar
 - kyn, aldur, búseta, menntun, starf
 - viðhorf til íslensku og ensku
- Ílag
 - magn og eðli íslensku og ensku í umhverfinu
 - tími sem fer í hlustun/tal/lestur/skrift á hvoru máli
- Málnotkun og málkunnátta
 - orðaforði í íslensku og ensku
 - hvort ensk áhrif á íslensku koma fram – og öfugt



Staða verkefnisins

- Netkönnuninni er lokið
 - svarhlutfall 41% hjá fullorðnum, 50% hjá börnum
- Djúpvíðtöl standa yfir
 - víðtölum við u.þ.b. 150 þátttakendur lokið
- Úrvinnsla er hafin
 - fjórar MA-ritgerðir og fjöldi ráðstefnuerinda komin
- Hér fara á eftir nokkur sýnishorn
 - af fyrstu niðurstöðum úr netkönnun 3-12 ára barna




Þátttakendur í könnun 3-12 ára

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Strákur	358	49,4%	23.671	51,2%
Stelpa	366	50,6%	22.555	48,8%
Aldur				
3-5 ára	228	31,5%	13.440	29,1%
6-7 ára	122	16,9%	9.488	20,5%
8-9 ára	144	19,9%	9.750	21,1%
10-12 ára	230	31,8%	13.548	29,3%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	452	62,4%	29.490	63,8%
Landsbyggð	272	37,6%	16.736	36,2%




Aðgangur að snjalltækjum og neti

- Hefur barnið aðgang að snjalltæki?





- Notar barnið netið?






Magn og upphaf snjalltækjanotkunar

- Hve miklum tíma eyðir barnið að jafnaði í tölvum og snjalltækjum?
- Hversu gamalt var barnið þegar það fékk fyrst aðgang að snjalltæki?






Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 3-5 ára



- Barnið hlustar á sögur sem lesnar eru fyrir það
- Barnið hlustar á efni þar sem tal er í lykilhlutverki (ekki „bara“ tónlist)
- Sjónvarpsstöðvar
- Efni af efnisveitum á borð við Netflix, Stöð 2 Maráþon Now, Hulu o.s.frv.
- Efni af netinu (niðurhal og streymi, t.d. af YouTube og Vimeo)
- Spilun tölvuleikja (t.d. í tölvum, leikjatölvum og snjalltækjum)




Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 6-7 ára



- Barnið hlustar á sögur sem lesnar eru fyrir það
- Barnið hlustar á efni þar sem tal er í lykilhlutverki (ekki „bara“ tónlist)
- Sjónvarpsstöðvar
- Efni af efnisveitum á borð við Netflix, Stöð 2 Maráþon Now, Hulu o.s.frv.
- Efni af netinu (niðurhal og streymi, t.d. af YouTube og Vimeo)
- Spilun tölvuleikja (t.d. í tölvum, leikjatölvum og snjalltækjum)




Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 8-9 ára





Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 10-12 ára





Mállegt ílag





Mikilvægi mállegs ílags – magns og gæða

- Children's early life experiences during sensitive periods of neural plasticity shape the brain structures and functions underlying their cognitive aptitudes. One critical experience is language exposure.
- Specifically, the language quantity (e.g., number of words) and quality (e.g., sentence complexity, lexical diversity) that young children hear are the foundation of later language and literacy skills [...] and nonverbal capacities, including executive functioning [...], math ability [...], and social skills [...].

– [Romeo o.fl., *Psychological Science* 2018](#)



Mikilvægi samtalsins

- [C]hildren who had experienced more conversational turns with adults — independently of SES [Socio-Economic Status], IQ [Intelligence Quotient], and adult-child utterances alone — exhibited greater left inferior frontal [...] activation, which significantly explained the relation between children's language exposure and verbal skill.
- [R]esults suggest that conversational experience impacts neural language processing over and above SES or the sheer quantity of words heard.
 - [Romeo o.fl., *Psychological Science* 2018](#)



Niðurstöður

- Íslensk börn dvelja mikið í stafrænum heimi
 - sem að verulegu leyti er á ensku
- Þau byrja net- og snjalltækjanotkun mjög ung
 - og notkunin virðist vera að færast neðar í aldri
- Mikilvægt er að huga að mállegu ílagi barnanna
 - tala við þau, lesa fyrir þau og láta þau lesa
- Samtalið er undirstaða margs kyns þroska
 - tölum við börnin okkar – á íslensku!



Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is

siggasig@hi.is